

BRÁÐABIRGÐALÖG

106

8. maí

um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir þegnlega tjáð Oss, að vegna ýmislegra viðskiptaörðugleika á erlendum markaði, sé það komið í ljós, að óhjákvæmilegt muni verða, að ríkisstjórnin, auk þeirrar íhlutunar, sem þegar á sér stað um sölu og útflutning sildar, annars fisks og kjöts, af opinberri hálfu, fái heimild til svipaðrar íhlutunar um ýmsar aðrar útflutningsvörur landsmanna, sem sé hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Þar sem svo stendur á, sem að framan greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um þetta efni.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að skipa svo fyrir, að leyfi atvinnumálaráðherra þurfi til þess að mega selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, fiskbein, hrogn, gærur og skinn, ull og harðfisk.

Ríkisstjórnin getur notað heimild þessa um aðeins eina eða nokkrar af framangreindum vörutegundum eða allar eftir því sem ástæða þykir til.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið ákveðnum embættismönnum, stofnunum eða nefndum, úthlutun útflutningsleyfa og aðra framkvæmd laga þessara og sett um þetta nánari reglur eftir því sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum er sett verða samkvæmt lögum þessum, eða gegn reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum varða sektum allt að 100000 krónum og skal fara með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 8. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.